



Háskóla, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

Lindargötu 1

101 Reykjavík

sent á samráðsgátt

Reykjavík, 20. mars 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 1. mars sl.

SA fagna þingsályktunartillögunni og taka undir þau markmið og tillögur sem þar koma fram. Á nýliðnum menntadegi atvinnulífsins var lögð áhersla á að mæta þurfi færniþörf framtíðarinnar svo mannaður standi ekki framtíðarhagvexti fyrir þrifum. Samkvæmt könnun meðal fyrirtækja landsins telur nú um þriðjungur fyrirtækja að skortur á starfsfólki komi til með að standa í vegi fyrir vexti þeirra á næstu fimm árum. Við það verður ekki unað. Nauðsynlegt er að skilgreina aðgerðir sem þarf til svo vinnuafllsskortur, hvort sem um er að ræða hæfni og færni eða einfaldlega í fjölda vinnandi handa, verði ekki til þess að vöxtur í atvinnu- og efnahagslífi verði minni en ella hefði orðið. Í því tilliti má menntakerfið ekki vera enn einn flöskuhálsinn. Þannig þurfa fleiri að hefja nám við hæfi og draga þarf úr brottfalli svo að endingu séu það fleiri sem ljúka námi. SA telja að hin fyrirliggjandi þingsályktunartillaga sé liður í þeirri vinnu.

Innan við helmingur stjórnenda í atvinnulífinu telur að menntakerfið komi til með að uppfylla færniþörf atvinnulífsins vel til næstu fimm ára. Minna en 10% eru mjög ánægð. Fjórdungur telur menntakerfið standa sig illa. Augljóst er að hér má gera betur. Sé horft til stjórnenda í opinberri stjórnsýslu telja hins vegar 59% þeirra að menntakerfið komi til með að mæta færniþörf þeirra mjög eða frekar vel á næstu 5 árum. Vert er að spyrja hvort menntakerfið sé þannig best í að skapa opinbera starfsmenn á meðan erfiðlega gengur að mæta þörfum atvinnulífsins.

Hið opinbera skapar skilyrði til vaxtar með sinni þjónustu og því ekki síður mikilvægt en almenni vinnumarkaðurinn en það getur ekki verið ráðandi í hagkerfinu og dregið til sín sívaxandi hluta starfandi fólks. Lífskjör framtíðar verða ekki byggð á opinberri þjónustu.

Öflugt menntakerfi er ein af grunnstoðum öflugs atvinnulífs

Menntun er ein af grunnstoðum íslensks atvinnulífs og á sér nærri órjúfanlegan feril frá fyrstu árum lífsins til starfsreynslu á vinnumarkaði og símenntunar út æviskeiðið. Ef vel er haldið á spöðunum verður þessi ferill til að auka færni starfsfólks, ýta undir verðmætasköpun og bæta þar með lífskjör okkar allra.

Það er þó mikilvægt að hafa í huga að þessi framúrskarandi lífskjör verða ekki til af sjálfu sér. Það eru samverkandi þættir allra atvinnugreina sem búa til verðmæti hér á landi og ef við lítum sérstaklega til útflutningstekna vegna heildarútflutnings vöru og þjónustu þá sjáum við að 86% af gjaldeyrissköpun þjóðarbúsins má rekja til iðnaðar, ferðaþjónustu og sjávarútvegs. Sögulega séð hefur verið tiltölulega lítið atvinnuleysi á Íslandi og við sem þjóð þurfum að leita út fyrir



landsteinana eftir vinnuafli. Það hefur ekki breyst og raunar hefur viðvarandi skortur á vinnuafli verið þung áskorun fyrir okkar stærstu útflutningsgreinar. Ljóst er að íslenskt menntakerfi þarf að mennta fleiri sérfræðinga en einnig liggur fyrir að mikinn fjölda erlendra sérfræðinga þarf til að fá til starfa hér á landi. Mikil þörf fyrir innflutning erlends starfsfólks á næstu árum kallar á viðbrögð stjórnvalda.

Þarfir atvinnulífsins eru skýrar

Það er mikilvægt að ráðast í aðgerðir í mennta- og fræðslumálum er varða námsframboð, breytingar varðandi dvalar- og atvinnuleyfi erlends starfsfólks og annað sem aukið gæti sveigjanleika á íslenskum vinnumarkaði. Það þarf að hvetja fólk til að sækja starfsnám á framhaldsskólastigi, bæta aðstöðu til verknáms og ryðja úr vegi kerfislægum hindrunum með það að markmiði að draga úr brottfalli. Við þurfum einnig að fjölga STEM-menntuðum á vinnumarkaði og fjölga þeim sem velja STEM-greinar í háskóla og útskrifast. Í öllu offramboðinu af ákveðnum gráðum blasir nefnilega við að það vantar fólk sem er útskrifað úr STEM greinum og mun vanta sárlega þvert á atvinnugreinar.

Í orkugeiranum er aukin þörf á vélfræðingum, jarðfræðingum, verkfræðingum, pípurum, umhverfisfræðingum, rafvirkjum og tæknifræðingum. Stafræn þróun fjármálageirans kallar á allt aðra færni en verið hefur og fjórða iðnbyltingin veldur straumhvörfum í allri verslun og þjónustu. Það er sama hvar við drepum niður fæti í atvinnulífinu. Breytingarnar eru áþreifanlegar.

Á sama tíma hefur orðið mikil fjölgun starfa fyrir ófaglærða og fólk með ýmiss konar starfs- og iðnmenntun tengt vexti ferðaþjónustu síðustu ár og einnig í byggingariðnaði nú síðustu misseri. Þeirri eftirspurn hefur í talsverðum mæli þurft að mæta með innflutningi á vinnuafli erlendis frá þar sem ekki er nægilegt framboð vinnuafli innanlands til slíkra starfa.

Vaxandi misræmi á milli menntunar og starfa á vinnumarkaði hefur ýmis neikvæð áhrif í för með sér, til dæmis í formi efnahagslegs kostnaðar. Þetta misræmi er dæmi um brest á vinnumarkaði. Skortur á viðeigandi upplýsingum um núverandi stöðu og mati á stöðu í framtíð dregur úr getu aðila vinnumarkaðarins, skólakerfisins og hins opinbera til að bregðast við fyrirséðum vandamálum eða misræmi á vinnumarkaði.

Allar framangreindar aðgerðir gagnast best ef áreiðanleg gögn eru fyrir hendi. Marktæk spá um færniþörf er þar lykilatriði. Það er enda mikilvægt að fjárfest sé í réttri menntun og færni.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Stefanía K. Ásbjörnsdóttir
Stefanía K. Ásbjörnsdóttir

Heiðrún B. Gísladóttir
Heiðrún Björk Gísladóttir